

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

1. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 4. gr. og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar.

Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Komi nýr rekstraraðili að rekstrinum skal óska eftir handhafabreytingu á því formi sem útgefandi starfsleyfis leggur til þar sem fyrri rekstraraðili samþykkir breytinguna. Samþykki útgefandi starfsleyfis umsóknina skal hann breyta handhafa starfsleyfisins án auglýsingar enda sé eingöngu um að ræða breytingu á handhafa starfsleyfis og starfsleyfisskilyrði haldast óbreytt. Nýr handhafi starfsleyfis tekur yfir öll réttindi og skyldur fyrri rekstraraðila.

3. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 6. júní 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.